

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 28. mars 2006, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðunum Kalmansvöllum 2 og 4a á Smiðjuvallasvæði á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að markaður er nýr byggingarreitur á lóðunum nr. 2 og 4a við Kalmansvelli. Á lóðamörkum verður steinsteyptur brunaveggur sem nær út fyrir ystu klæðningu.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr., 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 26. apríl 2006.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.